



Hrókurinn

Við vinum til fjölskyldu

Til Akraneskaupstaðar

Frá Skákfélaginu Hróknum

Efni: Tuttugu ára afmæli Hróksins, heimsóknir í öll sveitarfélög á Íslandi

Rvk. 12.04.2018

Skákfélagið Hrókurinn fagnar tuttugu ára afmæli 2018 með margvíslegum hætti. Við lítum stolt um öxl og með tilhlökkun til framtíðar. Á þessum tuttugu árum höfum við meðal annars:

- Heimsótt alla grunnskóla á Íslandi.
- Gefið fimm árgöngum barna bókina *Skák og mát*, alls 25.000 eintök.
- Efnt til skákviðburða um allt land.
- Heimsóknir í Barnaspítala Hringsins flesta fimmtudaga síðan 2003.
- Kraftmikið og árangursríkt starf fyrir fólk með geðraskanir síðan 2003.
- Skáklandnám á Grænlandi síðan 2003. Alls eru heimsóknir liðsmanna Hróksins til Grænlands um 70.
- Fjölmargar safnanir í þágu stríðshráðra barna.
- Samstarf við Fatimusjóðinn, Barnaheill, SOS-barnaþorpin, Hjálparstarf kirkjunnar og Rauða krossinn í þágu góðra málefna.

Síðast en ekki síst höfðum við forgöngu um landssöfnunina *Vinátta í verki*, í samvinnu við Hjálparstarf kirkjunnar og Kalak. Alls söfnuðust um 40 milljónir, án krónu í tilkostnað. Stofnaður hefur verið velferðarsjóður barna á hamfarasvæðinu, sem útteilir fjármununum, jafnframt því sem framtíð sjóðsins verður tryggð, öllum börnum á Grænlandi til góða. Við erum Akurnesingum innilega þakklát fyrir framlagið í þessa mikilvægu söfnun.

Í tilefni af afmælinu og heimsóknum í öll sveitarfélög landsins 2018, biðlum við nú til ykkar um samvinnu og stuðning. Hægt er að verða gull, silfur eða bronsbakhjarl:

Gullbakhjarl 150.000

Silfurbakhjarl 75.000

Bronsbakhjarl 25.000

Við munum að sjálfsögðu heimsækja öll sveitarfélögin, burtséð frá afgreiðslu erindisins, en vonum innilega að þið sjáið ykkur fært að samfagna með okkur á stórafmælinu.

Með kærri kveðju

Hrafn Jökulsón

Hrókurinn

c/o Drafnarstíg 3

101 Reykjavík

Sími 763 1797/Netfang hrafnjokuls@hotmail.com

Reikningsnúmer Hróksins: 513-26-1188 /Kennitala: 620102-2880

Fylgiskjöl: Umsagnir frá framkvæmdastjórum Rauða krossins, UNICEF og Hjálparstarfs kirkjunnar.

Akraneskaupstaður

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
3.11	GJO	23. APR. 2018
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SFB	SAS	1804/186

UNICEF Ísland
Íslensk landsnefnd
Laugavegur 176
105 Reykjavík

Sími +354 552 6300
Fax +354 552 6010
unicef@unicef.is
www.unicef.is

Reykjavík, 27. júní 2017

Til þess er það varðar,

Mér er það ljúft og skylt að rita stuttan vitnisburð um samstarf mitt við Hrafn Jökulsson á sviði mannúðarmála og hjálparstarfs.


Við hjá UNICEF á Íslandi höfum borið gæfu til þess að vinna með Hrafn að nokkrum söfnunum á vegum Hróksins og Fatímusjóðs fyrir börn í neyð í Sýrlandi og Jemen. Þessar safnanir hafa tryggt berskjölduðum börnum tugmilljónir sem styrkt hafa réttindi þeirra og velferð. Sá stuðningur hefur ekki síst komið til vegna elju og ástríðu Hrafns.

Þegar kemur að því að styðja góðan málstað er Hrafn ótrúlega styrkur bandamaður. Hann er hamhleypa til allra verka og hefur á að skipa sérlega sterku tengslaneti sem gefur til kynna hversu mikils trausts hann nýtur á meðal samborgara sinna. Hrafn er ósérhlífinn og umhyggjusamur maður með mikla færni í mannlegum samskiptum. Hann er þeim fágæta kosti gæddur að eiga auðvelt með að blása fólki krafti í brjóst og virkja það til góðra verka.

Ég mæli óhikað með Hrafn sem samstarfsaðila þegar kemur að því að berjast fyrir verðugum málstað. Hann hlýtur mín bestu meðmæli sem bandamaður fyrir bættum heimi.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan ef frekari upplýsinga er þörf.

Með vinsemd og virðingu,


Bergsteinn Jónsson

Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Sími: +354 5526364/ +354 6154049

bergsteinn@unicef.is

Reykjavík, 10. apríl 2018

Til þess er málið varðar.

Hrafn Jökulsson hefur stutt við nokkur verkefni Rauða krossins á Íslandi með miklum dugnaði og góðum árangri. Má þar helst nefna stuðning Hrafns við Vin, sem er athvarf Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir sem staðsett á Hverfisgötu í Reykjavík. Auk þess að afla úrræðinu aukins stuðnings borgaryfirvalda sem tryggði áframhaldandi rekstur mætti Hrafn ásamt öðrum liðsmönnum Hróksins nær alla mánudaga í nokkur ár og hélt uppi öflugum skákstarfi í athvarfinu. Þá hefur Hrafn sömuleiðis verið mjög öflugur bandamaður í að styðja við Rauða krossinn á Grænlandi og við fyrirhuguð verkefni félagsins þar í landi, meðal annars með háu eigin framlagi í minningu móður sinnar.

Hrafn Jökulsson hefur því í senn verið öflugur bandamaður og bakhjarl við verkefni Rauða krossins í þágu þeirra sem standa höllum fæti. Það hefur hann gert af óeigingirni og með sanna mannúðarhugsjón að leiðarljósi.

Rauði krossinn á Íslandi þakkar Hrafn fyrir ótult mannúðarstarf og stuðning við starf félagsins og getur mælt með honum sem samstarfsaðila fyrir betra samfélagi og bættem heimi. Sé frekari upplýsinga óskað, þá vinsamlegast hafið samband.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri





Hjalparstarf kirkjunnar
Icelandic Church Aid

actalliance

Háaleitisbraut 66
103 Reykjavík
☎ + 354 528 4400
📠 + 354 528 4401
www.help.is

Reykjavík 10. apríl 2018.

Það er mér ljúft og skylt að staðfesta frábært samstarf sem Hjalparstarf kirkjunnar hefur átt við Hrafn Jökulsson, Grænlands vini í KALAK og Hrókinn um söfnunina Vinátta í verki sem hófst í júní á síðasta ári og lauk í desember. Hrafn átti frumkvæði að söfnuninni og vann af miklum eldmóði og krafti að því að kynna og fanga fólk til stuðnings, með frábærum árangri.

Það féll ekki skuggi á okkar samstarf og Hrafn og hans fólks stóð sig einstaklega vel, öll samksipti voru frábær og markmið voru á hreinu frá fyrstu mínútu. Annarri eins vinnusemi og elju hef ég sjaldan kynnst.

Með bestu kveðju,

Bjarni Gíslason framkvæmdastj.

Iluatsilluartoq

IKKAKERNING Poul Krarup krarup@sermitsiaq.gl

Iluoqqortormitt Nunatsinni illoqarfinni skakkertarstovu ammarsarvoq...

vikinik Ignatius Arge qatanngutigilinni uumassumi nukarlersarvoq angumminilu peqortuussumi najagaqarluni...

Tolluamangermat poorskini mannisnannalunni ukiumoortunni ukiumoortuq Hebrukerinnit...

Meeqqat ahaarlunni akullerini maanna nammasingajalersut, meeqqerpinniikkallermata naapooqarparvut...

Ilalandimni peqqissaasooq Lilja Steingrimsdóttir Nunatsinni suluussuooq qanittukkut 60-tik vikioqarluni imarsarvoq...



Ilalandimeeqq Hebrukerinnit illoqortormitt Nunatsinni ukiumoortunni ukiumoortuq...



Iluoqqortormitt skakkertarstovuinnit, Poul Krarup. 17-árige Ignatius Arge peqortarinnarpoq.



Hrafn Jökullsson, Hebrukerinnit Skakkklubbeni liiguforsari, illoqortormitt Nunatsinni illoqarfinni skakkertarstovuinnit...

Hrafn Jökullsson, formand for Hebrukerinnit Skakkklub, der har gjort illoqortormitt til Grønlands største skakby. Men han har været surst i det meste af Grønland og har haft børn skak. Her er han i Umanngard, i oktober 2017.

Fantastisk succes

IKKAK Poul Krarup krarup@sermitsiaq.gl

Iluoqqortormitt er Grønlands største skakby. Her kan alle børn spille skak...

de fleste, men i tredje omgang tabte Paulus overraskende til Ignatius Arge...

Paulus måtte nøjes med selv denne gang, og den modtog han med et stort smil...

Den nye skakmester, den 17-årige Ignatius Arge, er den yngste af fire søskende...

Torsdag spillede den islandske skakmester Robert Lagerman Nordlandstr simulatsskak med næsten 50 deltagere...

Fredag var der den årlige plækangturnering arrangeret af Hebrukerinnit og den islandske supermarkedsbæde Bónus...

Børnene, som nu er ved at blive ferdige med grundskolen, mødte vi første gang...

Den islandske sygeplejerske Lilja Steingrimsdóttir, som har arbejdet i Grønland, havde forleden 60-års fødselsdag...

PAASISAT / FAKTA

- Anguast / Stillingen 1. Ignatius Arge, 6 points. 2-4. Paulus Napatoq, Hrafn Henrik Arge, Jökull Blyttmann Napatoq, 5 points.